# Sunnudagur 17. desember



## SJÓNVARPIÐ

15.15 **Þrettándi heimsmeistarinn.** Viðtalsþáttur við Kasparov heimsmeistara í skák. Í myndinni er m. a. fjallað um skákmaraþon þeirra Kasparovs og Karpovs, sem hófst 9. september 1984, allt fram að síðasta einvígi þeirra í Sevilla í desember 1987. Þýðandi Jónas Tryggvason.
16.20 **Prinsinn af Fógo.** (The Prince of Fogo). Norsk og fjölskyldumynd frá árinu 1986 sem fjallar um lítinn dreng á Grænhöfðaeyjum. Þýðandi Ásthildur Sveinsdóttir.
17.35 **Sunnudagshugvekja.** Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir flytur.
17.45 **Tólf jólagjafir til jólasveinsins.** (Tolv klappar åt julgubben). 5. þáttur. Jólaefni fyrir börn. Lesari Örn Guðmundsson. Þýðandi Kristín Mäntylä. (Nordvision – Finnska sjónvarpið).
17.50 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
18.20 **Ævintýraeyjan.** (Blizzard Island.) Fimmti þáttur. Kanadískur framhaldsmyndaflokkur í 12 þáttum. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Steinaldarmennirnir.** Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Ólafur B. Guðnason.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Blaðadrottningin.** (I'll Take Manhattan.) Fimmti þáttur. Bandarískur myndaflokkur í átta þáttum. Flokkurinn er gerður eftir samnefndri skáldsögu eftir Judith Krantz. Aðalhlutverk: Valerie Bertinelli, Barry Bostwick, Perry King og Francesca Annis. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir. Framhald.
21.20 **Leikhúsið á götunni.** Í sumar fór fram á Akranesi samnorrænt námskeið fyrir götuleikhúsfólk. Námskeiðið stóð í viku og afrakstur þess var leiksýning á Merkurtúni á Akranesi. Umsjón Kolbrún Halldórsdóttir. Dagskrárgerð Kristín Björg Þorsteinsdóttir.
22.00 **Erling Blöndal Bengtson.** Viðtal við hinn þekkta danska sellóleikara sem er af íslensku bergi brotinn. Í þættinum eru gamlar og nýjar upptökur með listamanninum. (Nordvision – Danska sjónvarpið).
23.15 **Úr ljóðabókinni.** Skáldið Vennerbóm eftir Gustav Fröding í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar. Lesari Hrafn Gunnlaugsson. Formála flytur Hallmar Sigurðsson. Umsjón og stjórn upptöku Jón Egill Bergþórsson.
23.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Gúmmíbirnirnir.** Teiknimynd.
9.20 **Furðubúarnir.** Falleg teiknimynd.
9.45 **Litli folinn og félagar.** Teiknimynd með íslensku tali.
10.10 **Kóngulóarmaðurinn.** Spiderman. Teiknimynd.
10.35 **Jólasveinasaga.**
11.00 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
11.25 **Sparta sport.** Íþróttaþáttur fyrir börn.
12.00 **Ævintýraleikhúsið. Næturgalinn.** The Nightingale. Dag einn berst keisaranum í Kína til eyrna saga af undurfallegum næturgala. Hann gerir út sendisveina til þess að finna næturgalann svo hann megi syngja fyrir sig og hirðina. Aðalhlutverk: Mick Jagger, Bud Court og Barbara Hershey.
12.55 **Bílaþáttur Stöðvar 2.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum mánudegi.
13.20 **Óvænt aðstoð.** Stone Fox. Munaðarlaus strákur elst upp í kotinu hjá afa sínum. Þegar afi verður veikur verða stráksi og tíkin hans, hún Morgan, heldur betur að standa sig. Aðalhlutverk: Joey Cramer, Buddy Ebsen, Belinda Montgeomery og Gordon Tootooses.
14.55 **Frakkland nútímans.** Aujourd'hui en France. Fróðlegir og áhugaverðir þættir.
15.25 **Heimshornarokk.** Big World.
16.20 **Menning og listir.** The Alvin Ailey Dance Theatre. Síðari hluti. Kynnir er listmálarinn og gagnrýnandinn Sir Lawrence Gowing.
17.15 **Skíðaferð á Mont Blanc.**
18.00 **Golf.** Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.**
20.00 **Landsleikur: Bæirnir bítast.** Spurningakeppni þar sem Ómar Ragnarsson etur saman kaupstöðum landsins. Umsjón: Ómar Ragnarsson.
21.10 **Allt er fertugum fært.** Lokaþáttur.
22.05 **Lagakrókar.** L.A. Law.
22.55 **Max Headroom.** Í þessum þáttum tekur Headroom ekki bara á móti frægu fólki heldur tekur hann líka fólk á beinið.
23.25 **Hvít jól.** White Christmas. Fjögur ungmenni leggja leið sína á vetrardvalarstað í Vermont. Herramennirnir uppgötva að hótelið rekur fyrrverandi yfirmaður þeirra úr hernum. Hann á í miklum fjárhagskröggum og fyrirséð er að fyllist ekki hótelið af gestum verði hann að selja það. Aðalhlutverk: Bing Crosby, Danny Kaye, Rosemary Clooney, Vera-Ellen og Dean Jagger.
1.20 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

8.00 **Fréttir.**
8.07 **Morgunandakt.** Séra Guðni Þór Ólafsson, prófastur á Melstað, flytur ritningarorð og bæn.
8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Áslaugu Brynjólfsdóttur fræðslustjóra. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Jóhannes 3, 7 – 17.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Jólaalmanak Útvarpsins.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir flytur (17.). Umsjón: Gunnvör Braga. (Einnig útvarpað um kvöldið klukkan 20.00.)
9.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í Útvarpinu.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Hlín Baldvinsdóttur í Kaupmannahöfn. (Einnig útvarpað á þriðjudag kl. 15.03.)
11.00 **Messa í Grenivíkurkirkju.** Prestur: Sr. Bolli Gústavsson.
12.10 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í Útvarpinu.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar. Tónlist.
13.00 **Hádegisstund í Útvarpshúsinu.** Ævar Kjartansson tekur á móti sunnudagsgestum.
14.00 **Berlínarmúrinn.** Brot úr sögu Þýskalands Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Friðrik Páll Jónsson.
14.50 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.**
16.05 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Garpar,** goð og valkyrjur. Þáttaröð úr Völsungasögu, Fimmti þáttur: Ragnar loðbrók og synir hans. Útvarpsleikgerð: Vernharður Linnet. Leikendur: Kristján Franklín Magnús, Sigríður Arnardóttir, Tinna Gunnlaugsdóttir, Sólrún Ingvadóttir, Helgi Björnsson, Sigurður Grétar Guðmundsson og Þorbjörn Sigurðsson. (Einnig útvarpað í Útvarpi unga fólksins næsta fimmtudag.)
17.00 **Tónlist.**
18.00 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Einnig útvarpað daginn eftir kl. 15.03.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar. Dánarfregnir.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.31 **Ábætir.** Susan Milan, Ian Brown, Jean-Philippe Collard og Perrenin kvartettinn leika verk eftir Gabriel Fauré og Philippe Gaubert.
20.00 **Jólaalmanak Útvarpsins.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir flytur (17.). Umsjón: Gunnvör Braga. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Íslensk tónlist.**
21.00 **Húsin í fjörunni.** Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá liðnu sumri.)
21.30 **Útvarpssagan:** Gargantúi eftir Francois Rabelais. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Baldvin Halldórsson les (14.).
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar syngja.** Jón Sigurbjörnsson, Svala Nielsen, Karlakórinn Geysir og Einar Sturluson syngja íslensk lög.
23.00 **Frjálsar hendur.** Illugi Jökulsson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn Samhljómsþáttur frá föstudagsmorgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

9.03 **Hann Tumi fer á fætur. . .** Ólafur Þórðarson bregður léttum lögum á fóninn.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **UB 40 og tónlist þeirra.** Skúli Helgason rekur feril hljómsveitarinnar í tali og tónum. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Spilakassinn.** Getraunaleikur Rásar 2. Umsjón: Jón Gröndal. Dómari: Adolf Petersen.
16.05 **Konungurinn.** Magnús Þór Jónsson segir frá Elvis Presley og rekur sögu hans. Þriðji þáttur af tíu. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri) (Úrvali útvarpað í Næturútvarpi á sunnudag kl. 7.00.)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Blítt og létt. . .** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Hlynur Hallsson og norðlenskir unglingar.
21.30 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
22.07 **Klippt og skorið.** Skúli Helgason tekur saman syrpu úr kvölddagskrá Rásar 2 liðna viku.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi á Rás 1.)
3.00 **Blítt og létt. . .** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Sigurður Alfonsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudegi á Rás 1.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Suður um höfin.** Lög af suðrænum slóðum.

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason** vekur hlustendur með ljúfum tónum og tali. Kokkur dagsins kemur í heimsókn rétt fyrir hádegi og gefur hlustendum uppskrift að jólasteikinni í ár.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Alltaf á sunnudögum.** Umsjónarmaður fréttastjóri Bylgjunnar, Jón Ásgeirsson. Tekið á móti gestum í hljóðstofu og ræddar fréttir vikunnar. Frétt vikunnar valin.
13.00 **Þorgrímur Þráinsson.** Farið í jólabaksturinn, jólalögin leikin og spjallað um jákvæða hluti.
16.00 **Jólabókaflóðið.** Rósa Guðbjartsdóttir ræðir við höfunda og útgefendur nýútkominna bók. Höfundar koma í hljóðstofu og lesa úr verkum sínum.
18.00 **Ágúst Héðinsson** í kvöldmatnum. Jólastemmningunni skilað heim í stofu.
20.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Andlega hliðin tekin fyrir. Jákvætt kvöld á Bylgjunni fyrir hugsandi fólk. Róleg og falleg tónlist í bland við áhugaverð viðtöl.
24.00 **Freymóður T. Sigurðsson** á næturvaktinni.
Ath. Fréttir eru sagðar kl. 10.00, 12.00, 14.00 og 16.00 á sunnudögum.

## STJARNAN FM 102 & 104

10.00 **Kristófer Helgason.** Ljúf, ný og vönduð tónlist ræður ferðinni. Kristó er með stjörnuspána á hreinu.
14.00 Darri Ólafsson. Við spilum nýjustu tónlistina fyrstir.
18.00 **Arnar Kristinsson.** Hvað er í bíó? Addi er með allt á hreinu.
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Þorsteinn fylgist vel með nýbylgjutónlistinni og leikur hana í bland við vinsældapoppið.
1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvaktin er lifandi og skemmtileg.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **IR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **FB.**
22.00 **Neðanjarðargöngin.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFFEMM 95,7

8.00 **Árni Vilhjálmur.** Óskalög og eldra efni fram til klukkan eitt.
13.00 **Sveinn Snorri.** Léttur og líflegur.
16.00 **Klemenz Arnarsson.** Sunnudagstónlist eins og hún gerist best.
19.00 **Benedikt Elfar.** Með breiðan smekk þótt grannur sé.
22.00 **Sigurjón „Diddi“.** Fylgir ykkur inn í nóttina.
1.00 **Lifandi næturvakt.**

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

8.00 **Endurtekinn þáttur** Inger Önnu Aikman. Sálartetrið.
10. **Oddur Magnús.** Sunnudagur á Aðalstöðinni svíkur engan. Ljúf tónlist með fyrri steikinni.
13.00 **Sunnudagssíðdegi á Aðalstöðinni.**
16.00 **Besti vinur Bítlanna.** Tveggja stunda langur þáttur um Bítlavinafélagið í umsjón Ásgeirs Tómassonar.
19.00 **Vignir Daðason.** Ljúf tónlist í helgarlok.
22.00 **Íris Erlingsdóttir.** Létt klassík með fróðleik.
24.00 **Næturdagskrá Aðalstöðvarinnar.**

## SKY One

6.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
7.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
11.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
12.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
13.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.
14.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**
15.00 **The Incredible Hulk.** Spennumyndaflokkur
16.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.
17.00 **Eight is Enough.** Framhaldsmyndaflokkur.
18.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
19.00 **21 Jump Street.** Spennumynda flokkur.
20.00 **Evita Peron.** Míniseria.
22.00 **Entertainment This Week.**
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaþáttur.
00.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

14.00 **The Adventures of Wilderness Family.**
16.00 **Off Beat.**
18.00 **Little Shop of Horrors.**
19.40 **Projector.**
20.00 **Monthy Python Live at the Hollywood Bowl.**
22.00 **Drowning by Numbers.**
24.00 **The Cotton Club.**
02.10 **The Hitchhiker.**
02.35 **The Stuff.**
04.00 **Fool For Love.**

## EUROSPORT

9.00 **Svig.** Bein útsending frá svigkeppni á Ítalíu.
10.00 **Showjumping.** Hindrunarhlaup á hestum í London.
11.00 **Fótbolti.** Meginlandsfótbolti eins og hann gerist bestur.
12.00 **Svig.** Bein útsending frá svigkeppni á Ítalíu.
13.00 **Showjumping.** Hindrunarhlaup á hestum í London.
14.00 **Íshokkí.** Bein útsending frá Moskvu. Svíþjóð–Tékkóslóvakía.
17.00 **Svig.** Farið yfir helstu atburði svigkeppninnar á Ítalíu.
18.00 18.00 **Tennis.** Davis-bikarinn, Vestur-Þýskaland–Svíþjóð.
20.00 **Heimsmeistarakeppnin 1958.** Kvikmynd.
22.00 **Fótbolti.** Meginlandsfótbolti eins og hann gerist bestur.
23.00 **Svig.** Brun kvenna í Kanada.

## SCREENSPORT

7.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
8.00 **Íshokkí.** Leikur í amerísku atvinnumannadeildinni.
10.00 **Golf.** Johnny Walker Classic í Ástralíu.
12.00 **Spánski fótboltinn.** Real Madrid–Valladolid.
13.45 **Motorcross.**
14.15 **Golf.** Chrysler liðakeppnin.
16.15 **Argentínski fótboltinn.**
18.00 **Íshokkí.** Leikur í bandarísku atvinnumannadeildinni.
20.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
23.30 **Rugby.** Leikur í ensku deildinni.



Erling Blöndal Bengtson sellóleikari.

## Sjónvarp kl. 22.00:

# Erling Blöndal Bengtson

Þáttur frá danska sjónvarpinu um sellóleikarann Erling Blöndal Bengtson en hann rekur, eins og kunnugt er, ættir sínar til Íslands og hefur verið hér tíður gestur allt frá árinu 1974 þegar hann hélt hér sína fyrstu tónleika.

Erling Blöndal Bengtson var aðeins fjögurra ára þegar hann hélt sína fyrstu sellótónleika. Hann stundaði nám við The Curtis Institute of Music í Fíladelfíu í Bandaríkjunum frá 1948–50. Síðan gerðist hann prófessor við Konunglega tónlistarkonservatoríið þar sem hann hefur kennt síðan 1953.

Í þættinum verður rætt við tónlistarmanninn um líf hans og störf og hann leikur hluta úr nokkrum verkum.

-Pá

## Sjónvarp kl. 21.20:

# Ævintýrið á götunni

Þáttur þessi var tekinn upp á Akranesi síðastliðið sumar þegar fram fór samnorrænt námskeið fyrir götuleikhúsfólk. Námskeiðið var haldið í samvinnu Bandalags íslenskra leikfélaga og Norræna áhugaleikhúsráðsins.

Þátttakendur voru 46 talsins á aldrinum 16–24 ára og komu þeir frá öllum Norðurlöndunum, þar með talið Álandi, Færeyjum og Grænlandi.

Námskeiðið stóð í eina viku og lauk með athyglisverðri götuleikhússýningu á Merkurtúni á Akranesi.

Umsjónarmaður þáttarins er fjölmiðlaljónið og leikkonan Kolbrún Halldórsdóttir en hún var ein þriggja kennara á téðu námskeiði.

-Pá



Kolbrún Halldórsdóttir, umsjónarmaður þáttarins.



Dúettinn Erasure er skipaður þeim Vince Clark og Andy Bell.

## Rás 2 kl. 23.00:

# Klippt og skorið

Í þættinum Klippt og skorið er flutt úrval úr hinum ýmsu kvöldþáttum rásar 2 þar sem fjallað er um ýmsar stefnur tónlistar, djass, blús, rokk, nýbylgju, þungarokk og kvennatónlist, auk þess sem íslenskri tónlist eru gerð skil.

Í þættinum er einnig fylgst grannt með tónleikahaldi á höfuðborgarsvæðinu, tónleikar kynntir fyrirfram og þeir gagnrýndir í kjölfarið. Í þættinum í kvöld verður flutt viðtal sem Óskar Páll átti við Vince Clark sem ásamt Andy Bell skipar einn athyglisverðasta dúett Bretlandseyja, Erasure. Leikin verða lög af nýjustu plötu Erasure og Vince mun segja frá 10 ára farsælum tónlistarferli sínum.

-Pá